

BJÓLFUR

Samkeppni um skipulag- og hönnun áfangastaðar

DÓMNEFNDARÁLIT
NÓVEMBER 2021

Verkkaupi: Múlaþing

Samstarfsaðili: Félag íslenskra landslagsarkitekts (FÍLA)

Prófarkalestur: Bylgja Borgþórsdóttir

Hönnun og umbrot: Heiðdís Halla Bjarnadóttir

Prentun: Héraðsprent



Múlaþing



AUSTURLAND

INNGANGUR

Austan kaupstaðarins í Seyðisfirði rís Bjólfstindur fremri, rúmlega 1.000m hár. Í um 650m hæð í fjallinu er stallur sem mótast af hólum og hryggjum. Þar voru reistir snjóflóðavarnargarðar á árunum 2003-2005, en snjóflóð úr Bjólfi eru vel þekkt. Við byggingu snjóflóðavarna var útbúið mjög einfalt útsýnissvæði við Bæjarbrún, ofan við svokallað Jókugil. Frá byggingu garðanna hafa verið uppi fjölmargar hugmyndir um uppbyggingu á svæðinu, enda er stórfenglegt útsýni frá Bæjarbrún yfir bæinn, út fjörðinn og langt á haf út.

Seyðisfjörður er einn vinsælasti áfangastaður Austurlands og er uppbygging á útsýnissvæðinu á Bjólfi talin geta búið til vænlegan segul í ferðapjónustu á svæðinu. Myndefni þaðan hefur verið nýtt í fjölbreyttu markaðsefni, m.a. af Íslandsstofu. Frá svæðinu liggur óstikuð gönguleið sem tengist gönguleiðum í Vestdal.

Í áfangastaðaáætlun Austurlands er svæðið metið sem vænlegur segull, sem gæti orðið afar vinsæll á Austurlandi. Grófur malarvegur liggur að Bæjarbrúninni (varnargörðunum), sem er aðeins fær fjórhjóladrifnum jeppum. Vegurinn liggur frá Fjarðarheiði og tekur akstur að Bæjarbrúninni um 15-20 mínútur. Vegurinn er aðeins fær þegar snjóá leysir, eða frá júní og fram í nóvember. Hann er að mestu einbreiður og er óstikaður.

Sveitarfélagið Múlaþing efndi til samkeppni um skipulag og hönnun áfangastaðar og útsýnissvæðis við snjóflóðavarnagarða á Bjólfi í Seyðisfirði og fékk til þess styrk frá Framkvæmdasjóði ferðamannastaða.

Leitað var samstarfs við Félag íslenskra landslagsarkitekta (FÍLA) og var keppnin unnin samkvæmt keppnisreglum félagsins.

Múlaþing, FÍLA og dómnefnd þakkar þátttakendum fyrir áhugaverðar og metnaðarfullar tillögur.

MARKMIÐ

Markmið samkeppninnar var að bæta aðstæður og skapa aðdráttarafl á svæði sem hefur mikil tækifæri til þess að vera einn af fjölsóttustu útsýnisstöðum Austurlands, auk þess að bæta öryggi og aðgengi ferðamanna og stuðla að verndun lítt snortinnar náttúru á tímum vaxandi fjölda ferðafólks.

Leitast var eftir að fá fram hugmyndir að hönnun sem félli vel að umhverfi svæðisins og tryggði öryggi ferðamanna. Hönnun útsýnissvæðisins var ætlað að stuðla að einstakri upplifun fyrir þá sem koma til með að heimsækja áfangastaðinn.

Samkeppnin sneri einnig að útfærslu á einbreiðum malarvegi með útskotum, sem myndi bæta aðgengi og stuðla að öruggari umferð að útsýnissvæðinu.

Almenn leiðarljós samkeppninnar voru þessi:

- Hönnun og skipulagið ætti að stuðla að sjálfbærni svæðisins.
- Tryggja öryggi fólks á svæðinu.
- Hönnun mannvirkja tæki tillit til Áfangastaðaáætlunar Austurlands.
- Hönnun myndi tryggja lágmarks viðhalds- og rekstrarkostnað.
- Tryggja skyldi að náttúrulegur fjölbreytileiki landslags og lífríkis skertist ekki.
- Svæðið yrði hannað sem áfangastaður sem stuðlaði að aukinni útivist og hreyfingu.
- Við hönnun skyldi hugað að aðgengi fyrir alla

Megin markmið í keppnislýsingu voru:

- Settyrði fram raunhæf framtíðarsýn sem tryggði öryggi fólks um leið og hún veitir upplifun á svæðinu. Þátttakendum var frjálst að leggja til breytingar á núverandi göngustígum en sskipulag og hönnun skyldu bera virðingu fyrir núverandi náttúru sem og öðru á svæðinu.
- Settar yrðu fram hugmyndir um aðkomu að svæðinu, staðsetningu merkinga, útskota og annað er tryggði öryggi ferðalanga að svæðinu.
- Að fram kæmu hugmyndir að hönnun útsýnispalls sem yrði staðsettur innan við eða í námunda við tilgreint svæði í keppnisgögnum.
- Að útsýnisstaðurinn yrði einstakur í sínum flokki hvað varðar fagurfræði og staðsetningu.
- Að mörkuð yrði ákveðin stefnu sem stýrðiferli ferðamanna og lágmarkaði slyshættu á svæðinu.
- Að skipulag, yfirbragð og form mannvirkja félli vel að núverandi landslagi.
- Að settar yrðu fram hugmyndir að efnisnotkun sem styrktu heildstæða upplifun á svæðinu.
- Sett var fram það viðmið að hámarkskostnaður framkvæmda á grundvelli vinningstillögu væri á bilinu 10- 35 millj. (m.vsk).

TEGUND OG TILHÖGUN KEPPNINNAR

Samkeppnin var skilgreind sem lokuð hugmynda-samkeppni og sóttu 12 teymi um þátttöku en eitt teymi uppfyllti ekki skilyrði. Af þeim 11 teymum sem uppfylltu fagleg viðmið samkeppninnar voru fjögur teymi dregin út í votta viðurvist, sem voru auk trúnarðarmanns, ritari keppninnar og Björn Ingi Eðvaldsson landslagsarkitekt FÍLA.

Eftirtalin teymi voru dregin út:

- Ástríður Birna Árnadóttir og Stefanía Helga Pálmarsdóttir frá Arkibbygg Arkitektum í samvinnu við Önnu Kristínu Guðmundsdóttur og Kjartan Mogensen landslagsarkitekta, Auði Hreiðarsdóttur frá ESJA ARCHITECTURE og Arnar Björn Björnsson frá EXA NORDIC
- marimo arkitektar og DLD – Dagný Land Design
- Tendra Arkitektúr og Teiknistofan Storð
- Landslag ehf. og Gláma · Kím



Nafnleynd hvíldi á framlögðu tillögum þar til dómnenfd hafði skilað álitinu sínu og dómniðurstöðu.

Hver teymi fékk greiddar kr. 1.500.000,- fyrir sínar tillögur auk þess sem 1.000.000 króna var greidd fyrir verðlaunatillöguna.

Sjónarmið dómnefndar

Eftirtalin atriði voru lögð til grundvallar á mati dómnefndar á tillögum.

- A. Heildaryfirbragð, ásýnd og áhugavert kennileyti. (25 stig)
- B. Aðkoma, bílastæði og skipulag útsýnisstaðar. (25 stig)
- C. Umhverfi öryggi og ferlilmál í og við mannvirki (15 stig)
- D. Efnisval og tæknileg hönnun mannvirkis (20 stig)
- E. Byggingar- og viðhaldskostnaður, raunhæfni tillögunnar (15 stig)

Múlaþing stefnir að því að semja um áframhaldandi hönnun í samvinnu við vinningshafa. Sótt verður um styrk úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða í áframhald verkefnisins.

DÓMNEFND, RITARI OG TRÚNAÐARMAÐUR

DÓMNEFND

Formaður dómnefndar: Björn Ingimarsson, sveitarstjóri, fulltrúi Múlapings

Oddur Hermannsson, landslagsarkitekt, fulltrúi FÍLA

María Hjálmarsdóttir, fulltrúi Múlapings og Áfangastaðaáætlunar Austurlands

VERKEFNISSTJÓRI OG RITARI DÓMNEFNDA

Jónína Brá Árnadóttir, verkefnastjóri menningarmála Múlapings

TRÚNAÐARMAÐUR

Ólafur Melsted, landslagsarkitekt FÍLA



NIÐURSTAÐA DÓMNEFNDAR

Álit dómnefndar er að samkeppni um Bjólf hafi tekist vel og fram hafi komið áhugaverðar og metnaðarfullar tillögur. Teymin hafi unnið tillögurnar í samræmi við keppnislýsingu og kröfur sem lagðar voru fram og sjá má að mikil vinna liggi að baki þeim. Framsetning tillagna er oftast mjög myndræn, textagerð skýr og aðgengileg þó einhver misbrestur kunni að vera þar á.

Dómnefnd lagði áherslu á að velja þá tillögu sem uppfyllti flest þau skilyrði sem lögð voru til grundvallar í keppnislýsingu og mat tillögurnar eftir þeim sjónarmiðum sem dómnefnd hafði lagt keppendum í té í upphafi.

Dómnefnd var sammála um að tillagan sem valin var í verðlaunasætið bar af að flestu leyti með mjög áhugarverða nálgun á viðfangsefnið auk þess að sýna ýmsar áhugaverðar skírskotanir í menningu, sögu og náttúru staðarins, nokkuð sem reyndar flestar hinar tillögurnar gerðu einnig. Baugur Bjólfs er að mati dómnefndar fjárfesting til framtíðar og horft er til að hann muni vekja mikla athygli út fyrir landsteinana.

VINNINGSTILLAGA

BAUGUR BJÓLFS

Tillaga nr. 62832

Höfundar:

Mjög heildstæð tillaga og einstaklega vel framsett. Baugurinn (hringurinn) er afar sterkt form sem fellur með sérstæðum hætti að landslagi, er heillandi andstæða umhverfis síns og býður uppá svífandi og einstaka upplifun umfram það sem sjá má af bakkanum.

Endurheimt á náttúrulegu holti (þar sem akhringur er í dag) styrkir tillöguna til muna, eins og hringurinn sé hluti af óhreyfðu landslagi. Baugurinn og tengingin við haug Bjólfs er áhugaverð og nýtist vel til menningar- og ferðaþjónustutengdrar starfsemi og upplýsingagjafar á svæðinu.






Einföld, sérstæð og sterk byggingarlist hér á ferð sem dómnefnd telur að geti haft mjög mikið aðdráttarafl og hefur alla burði til þess að bjóða upp á einstaka upplifun.

Mjög áhugavert kennileyti sem kallast á við landslagið á einfaldan en áhrifamikinn hátt.

Útskot af vegi virðast vel valin og hæfileg fjarlægð á milli þeirra. Mjög áhugaverðir staðir valdir sem áningastaðir á leiðinni; Varðan, Áin og Mosinn munu án efa vekja athygli enda kennileyti sem margir taka eftir á leið sinni fram fjallið. Bílastæði eru vel leyst, snúningsás góður og rútustæði í góðri fjarlægð frá útsýnisstað.



Ferðamenn njóta mikils öryggis á staðnum þar sem þeir eru leiddir áfram í lokaðri umgjörð án hnökra. Hreyfihamlaðir þurfa ekki að yfirstíga neinar hæðahindranir og tillagan tryggir gott flæði ferðamanna um svæðið. Öllum ferðamönnum er gefið jafnt tækifæri á að komst um útsýnisstaðinn sem verður að teljast farsæl lausn.



Efnisval er af góðum gæðum og í góðu samræmi hvort við annað sem og nærumhverfið.

Tæknileg hönnun er sýnd með mjög sannfærandi hætti og vel útfærð. Útfærslan á hringnum krefst vandaðs burðarþols sem sýnt er fram á að gangi vel upp í tillögunni.

Byggingarkostnaður kann mögulega að fara yfir þau viðmiðunarmörk sem fram koma í keppnislýsingu og dró það því tillöguna niður í stigagjöf.

Viðhald mannvirkisins er hinsvegar líklegt til þess að vera mjög lágt þar sem byggingaefni þess ver sig að stórum hluta sjálft og metur dómnefnd tillöguna vel raunhæfa og framkvæmanlega.

Dómnefnd telur að tillagan sé fjárfesting til framtíðar þar sem mikil tækifæri liggja í framkvæmdinni og áfangastaðnum sem slíkum sem muni laða að sér ferðalanga.



AÐRAR TILLÖGUR

BJÓLFSSALIR

Tillaga nr. 11248


Höfundar:



BÆJARBRÚN

Tillaga nr. 54086

Höfundar:



ÓSKASTEINAR

Tillaga nr. 51515

Höfundar:



BJÓLFSSALIR

Tillaga nr. 11248

Höfundar:


Heildarlausnin virkar vel og er nokkuð látlaus en bætir litlu við umhverfi sitt. Pallurinn er aðgengilegur og setpallar mót firðinum virka mjög vel. Hugmyndin á bakvið mismunandi sali er áhugaverð og góð. Pallurinn virkar þó nokkuð einangraður og stífur í fjallinu.


Sett er fram athyglisverð hugmynd um ljósskífu innar á fjallinu og spurning hvort skífan fangi og endurkasti eingöngu sólarljósi eða sé rafvædd. Sjálfsagt umdeildur ljósgjafi í fjallinu en spennandi hugmynd sem er í sjálfu sér áhugavert kennileiti.

Handrið úr gleri er varhugavert, bæði vegna endurkasts sólar og ekki síður út frá fuglalífi. Miðað við sniðmynd er lítil fallhætta þar og spurning hvort pallurinn mætti vera opinn þar, í stað glers.

Fjöldi útskota á aðkomuvegi mætti endurskoða og útskýra betur. Bílastæði í aðkomu eru ágætlega útfærð en með 90° viðsnúningi mætti láta þau vera þar sem raskað land er fyrir í stað þess að setja þau þar sem gróf urð er fyrir.

Bílastæði hreyfihamlaðra vel valin og lokun við þann stað mjög heppileg.





Ferðamenn njóta öryggis á staðnum þar sem þeir eru leiddir áfram inn á lokaðan útsýnispall. Ákveðin hætta er þó á falli í tröppunum og spurning hvort handrið mætti leysa með einfaldari hætti.

Efnisval er af góðum gæðum og í góðu samræmi hvort við annað.

Tæknilegri hönnun er lýst með þokkalegum hætti en skýringamyndir og sniðmyndir hefðu mátt vera fleiri til að skýra útfærslur. Burðarhönnun pallsins er einföld og vel viðráðanleg. Ending er góð og viðhaldslítil vegna efnisvals.

Lokaðar stálhliðar á palli virka ekki sem viðauki við fjarvíddaráhrif þar sem hliðarnar halla niður með landinu og fyrir vikið dregur úr sýnileika í gegnum handrið og snjósöfnun eykst.

Byggingarkostnaður er líklega innan þeirra viðmiðunarmarka sem fram koma í keppnislýsingu.

Viðhald mannvirkisins er líklegt til að vera lágt þar sem stálið ver sig vel gegn veðri og vindum og metur dómnefnd tillöguna raunhæfa og framkvæmanlega.

BÆJARBRÚN

Tillaga nr. 54086

Höfundar:


Tillagan er látlaus, einföld og afar varfærin sem felur í sér mjög lítið inngrip í náttúruna. Í sjálfu sér er það gott en tillagan skortir það kennileiti sem kallað er eftir. Göngustígurinn fellur vel að landslagi en fyrir vikið er kennileytið lítið umfram það sem þegar er til staðar og býður ekki upp á þá einstöku upplifun sem dómnefnd leitar eftir.

Göngustígurinn myndar tvo útsýnispalla með um 0,5m hæðamun. Ólíklegt er að efri pallurinn hafi útsýni út yfir bæ og innri hluta fjarðarins. Spurning er hvort að efri pallinum sé ofaukið og hvort rétt sé að fjalla um tvo útsýnispalla.

Tillagan ber með sér áhugaverða framsetningu en fyrir vikið tapast mörg smáatriði sem dómnefnd saknar að sjá. Tillagan hefði vel þolað meiri vinnslu og að lokum góðan yfirllestur.

Aðkomuleið og lýsing hennar er torskilin og útskot á aðkomuvegi mætti endurskoða en þau koma mjög óljóst fram í greinargerð. Bílastæði eru sæmilega leyst. Þar sem viðsnúningur bíla er






sýndur er verðmætri urð fórnað undir akveg og rútubílastæði. Vel hefði mátt sýna ýmsar skýringamyndir þar sem loftmynd sæist undir en trúlega hefur það rýrt grafíska framsetningu að mati höfundar.

Ferðamenn njóta öryggis á staðnum þar sem þeir eru leiddir áfram á malarstíg inn á göngustíg og gönguprep sem gerð eru úr stáli. Spurning vaknar hvort þörf hafi verið á tröppustígin mót suðri eða hvort venjulegur göngustígur hefði verið betri því alltaf er ákveðin hættu á falli í tröppum. Með einföldu langsniði hefði mátt sýna fram á þörf fyrir tröppustíg á þessum stað.

Efnisval er af góðum gæðum og í góðu samræmi hvort við annað.



Tæknilegri hönnun er ábótavant og skortur á skýringamyndum sem lýsa hugmyndum höfundar. Sniðmynd er ekki hægt að staðsetja á grunnmynd og fleiri sniðmyndir hefðu gert mikið til að skýra útfærslur.

Burðarleg hönnun göngustígs er einfalt að leysa og er ending metin góð. Byggingarkostnaður er álitinn vera innan viðmiðunarmarka sem fram koma í keppnislýsingu.

Viðhald mannvirkisins er líklegt til að vera lágt þar sem stálið ver sig vel gegn veðri og vindum og metur dómnefnd tillöguna vel raunhæfa og framkvæmanlega, en saknar þó meiri upplýsinga og fullvinnslu hennar.

ÓSKASTEINAR

Tillaga nr. 51515

Höfundar:

Heildarlausnin virkar nokkuð margþætt og hún bætir kannski of miklu við umhverfi sitt. Fyrir vikið stingur hún í stúf við náttúrulegt umhverfi.

Settrappa virkar stór og formföst í fjallinu og spurning hvort að appelsínugul sjónsteypa henti á þessum stað. Sama er um álsteina, þeir virka framandi og eiga alls ekki heima á svona stað að mati dómnefndar.

Hugmyndin að sjálfstæðri gönguleið inn með fjallinu með áningastöðunum er mjög áhugaverð og eins hugmyndin með að útbúa bílastæði á miðri leið sem býður fleirum að máta sig við leiðina. Útfærslan eykur afþreyingarmöguleika á svæðinu með skemmtilegu ferðlagi.

Staðsetning fyrir ferðasalerni og aðra innviði er vel valin, en rútustæði inn við útsýnisstað virka ekki sannfærandi og líklegt er að smábílar fari lengra en æskilegt er. Rútubílar svo innarlega á svæðinu eru taldar fara of nálægt útsýnissvæðinu og rýra umhverfi sitt. Mögulegur viðsnúningur rútustæðis vestast er ekki góð hugmynd þar sem fallegri grjóturð yrði fórnað undir akveg.






Útskot eru hæfilega mörg á leiðinni. Bílastæði fólksbíla í aðkomu hefði mátt leysa betur, þau virka nokkuð aðþrengd þar sem þau eru sýnd. Þó telst gott að þau eru sýnd á þegar röskuðu landi og flæði gangandi frá bílastæði vel afmarkað með gönguleið meðfram aðkomuvegi. Álitamál er hvort ferðamenn njóti fulls öryggis á staðnum, göngustígar eru margir og sumir þeirra allbrattir.

Útsýnispallurinn getur verið erfiður fyrir einstaka ferðamenn, þá sérstaklega hreyfihamlaða. Eins er trúlegt að kalt verði að sitja á steinum úr áli.

Efnisval er af góðum gæðum en spurning er hvort samræmi sé á milli þeirra.

Tæknilegri hönnun er ábótavant og skortur er á skýringamyndum sem lýsa hugmyndum höfunda varðandi ýmsar útfærslur. Sniðmyndina er ekki hægt að staðsetja á grunnmynd og fleiri sniðmyndir skortir, t.d. lengdarsnið í göngustíga. Burðarleg hönnun setpalls er einfalt að leysa og ending hans er góð.



Byggingarkostnaður kann mögulega að fara yfir þau viðmiðunarmörk sem fram koma í keppnislýsingu og dró það því tillöguna niður í stigagjöf. Vegur þar mest stærð setpalls og gerð álsteina, sem hefði mátt útskýra betur með hvaða hætti yrðu gerðir.

Viðhald mannvirkisins er hinsvegar líklegt til þess að vera mjög lágt þar sem efni þess ver sig að stórum hluta sjálft og metur dómnefnd tillöguna raunhæfa og framkvæmanlega.



WWW.MULATHING.IS